



Sjávarútvegsnefnd Alþingis

19. apríl 2004

Efni: Umsögn um mál nr. 786 og 787,
um afnám þróunarsjóðsgjalda og
veiðieftirlitsgjalds.

Nr. 787 – Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33. 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Landssamband smábátæigenda (LS) gerir ekki frekari athugasemdir en fram komu í
umsögn félagsins um veiðigjald dagsett 26. mars 2002. Þar segir m.a.:

„Veiðigjald

Stjórn Landssambands smábátæigenda ályktaði um skýrslu auðlindanefndar
4. október 2000. LS ítrekar það sem þar kemur fram:

„Landssamband smábátæigenda telur það ljóð á störfum Auðlindanefndar að
ekki sé skýrt skilið á milli sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja sem eingöngu
stunda fiskveiðar. Tekin eru dæmi í skýrslunni um hagnað
sjávarútvegsfyrirtækja á verðbréfaþingi og lögð til grundvallar tilkomu
auðlindagjalds, þegar ljóst er að fyrirtæki sem stunda fiskveiðar skuli greiða
gjaldið, fyrirtæki sem að mati Þjóðhagsstofnunar töpuðu 3,2 milljörðum árin
1997 og 1998.

Þegar horft er til útreikninga Þjóðhagsstofnunar á afkomu fiskveiða er lítið
borð fyrir báru með það auðlindagjald sem útgerðin greiðir í dag. Verði það
hins vegar niðurstaða Alþingis að hækka opinber gjöld á þeim sem fiskveiðar
stunda leggst LS gegn því að farin skuli svokölluð fyrningarleið. LS lýsir sig
reiðubúið til viðræðna um útfærslu.

LS leggst gegn tillögum Auðlindanefndar um ráðstöfun á veiðigjaldi.

Í lok þessa kafla er rétt að taka fram að svigrúm smærri útgerða til
hagræðinga er ekki mikið. Þær sækja sér ekki fé til almennings og sjóða
hans í formi aukins hlutafjárútboðs. LS vekur athygli á að boðuð aukinn
gjaldtaka kann að verða margri smáútgerðinni um megn og leggur til að sá
aðstöðumunur sem hér er upplýstur verði metinn, þannig að
útgerðarfyrirtæki sem eru á hlutabréfamarkaði greiði hærra veiðigjald
heldur en einstaklingsútgerðir.“

Í meðferð nefndarinnar á frumvarpinu óskar LS eftir að kostnaður við útgáfu veiðileyfis verði metinn með tilliti til þeirrar stefnu stjórnvalda að einungis sé greitt fyrir þá þjónustu sem veitt er. LS dregur í efa að kostnaður við útgáfu veiðileyfis sé kr. 17.500.


**Nr. 786 – Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92.
24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum.**

LS vísar til framangreindrar umsagnar.

LS vekur athygli htv. nefndar á að gjaldstofnar þeir sem hér er tillaga um að verði lagðir af hefðu samkvæmt óbreyttum lögum runnið sitt skeið 1. september 2008. LS telur rétt að það komi fram í nefndaráliti við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda



Örn Páisson framkvæmdastjóri